

Árstíðabundinn breytileiki í fjöruvistum á Reykjanesi

Sunna Björk Ragnarsdóttir^{1*}, Íris Mýrdal Kristinsdóttir², Sölvi Rúnar Vignisson², Halldór Pálmar Halldórsson³, Gunnar Þór Hallgrímsson⁴

¹Náttúrustofa Suðvesturlands (sunna@natturustofa.is)

²Þekkingarsetur Suðurnesja

³Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

⁴Háskóli Íslands

Inngangur

Lítið er vitað um árstíðabundinn breytileika í samfélagsgerð í fjörum og fjöldi lykillífvera innan fjörugerða er nánast óþekktur hérlandis. Nú standa yfir rannsóknir á árstíðabundnum breytileika meðal fjörlífvera með reglulegum sýnatökum og greiningum í Sandgerði á Reykjanesi.

Tilgangur rannsóknar er að kanna árstíðabundinn breytileika í samfélagsgerð og fjölda smádyra innan algengra fjörugerða.


Aðferðir

Sýnatökur fóru fram á háfjöru í byrjun hvers mánaðar frá febrúar 2013 til febrúar 2014. Í grýttum fjörum voru klapparpangsbelti (*Fucus spiralis*) og klóppangsbelti (*Ascophyllum nodosum*) skoðuð. Fimm sýni af hvorri panggerð voru tekin á sniðum Þ1 og Þ2, 20 sýni alls. Í setfjörum (leira/sandur) fór sýnataka fram á sniðum S1, S2, S3 og S4. Innan þeirra voru tekin þrjú sýni á þremur hæðarbilum, 27 sýni alls. Öll smádyr voru greind til hópa eða tegunda og talin.



3. mynd. Fjörur eru afar mikilvæg vistkerfi og margar tegundir lífvera byggja afkomu sína á þessu búsvæði.


Grýttar pangfjörur



1. mynd. Fjöldi lífvera á 100 g þangs á sniðum Þ1 og Þ2. Staðalskekkja sýnd.

— Þ1-F. spiralis
— Þ1-A. nodosum
— Þ2-F. spiralis
— Þ2-A. nodosum

Setfjörur



4. mynd. Fjöldi lífvera í 155 cm³ sands á sniðum S2 (efri línurit) og S3 (neðri línurit). Staðalskekkja sýnd.

— efst
— miðja
— neðst



2. mynd: Sýnatökustaðir við Sandgerði á Reykjanesi. Þ1 og Þ2 eru pangssýnatökustaðir og S1 – 4 eru setsýnatökustaðir.

Ályktanir

Töluverðar sveiflur eiga sér stað innan flestra tegundahópa bæði í pang- og setvistgerðum á ársgrundvelli. Misjafnt er þó milli tegunda hversu mikil sveiflan er og hvenær árs hún á sér stað. Eins og búast má við eru flestar tegundir sem lifa í þangi í hámarki yfir sumarmánuði og fram á haust. Ánar og burstaormar í seti sýna minni sveiflu yfir árið en misjafnt er milli tegunda hversu mikil sú sveifla er og hvenær. Ljóst er að fjöldi dýra í bæði þangi og seti er breytilegur en frekari rannsóknir er þörf til að skera úr um hvaða þættir valda þessum sveiflum þar sem mikill munur er á hvenær árs tegundir ná hámarki sínu í fjölda sem og lágmarki.

Árstíðabreytingar eru greinilega til staðar á meðal hryggleysingja í mismunandi fjörugerðum.

Undirstöðuþekking á árstíðabreytingum og eðli þeirra er mikilvægur grunnur fyrir frekari rannsóknir á lífríki fjara.